

Fundur föstudaginn 24. September kl 12-13:30 á Nauthóli

Mætt: Gunnar Bjarni Ragnarsson, Steinunn Þórðardóttir, Þórunn Jónsdóttir

Stuttir punktar:

1) Fagráðið

Þórunn gerir grein fyrir störfum fagráðsins, en fagráðið er búið að senda erindi á heilbrigðis- og dómsmálaráðuneytið vegna réttarstöðu heilbrigðisstarfsfólks þegar kemur að alvarlegum atvikum. Fagráðið mun hitta Pál Matthíasson og funda með honum á næstunni. Læknaráði hefur borist erindi frá Sveini Guðmundssyni yfirlækni blóðbankans vegna skorts á samráði og aðgerðarleysi í skimun blóðs til að gæta öryggis blóðgjafa. Ísland er eftirbátur hinna Norðurlandanna hvað þetta varðar. Undirrituð mun hafa samband við Svein og leggja til að erindið fari til fagráðsins, enda stórt og þverfaglegt mál. Undirrituð hefur einnig haft samband við Pál Matthíasson og Ólaf Baldursson og óskað eftir því að Læknaráð fái aftur sinn “flipa” á heimasíðu spítalans, enda í fullu fjöri þrátt fyrir að vera ekki lengur hluti af skipuriti spítalans. Með þessu móti er hægt að hafa upplýsingar um starfsreglur ráðsins, meðlimi þess og ályktanir aðgengilegar. Þórunn mun minnast á þetta við Pál ef svör hafa ekki borist fyrir fund fagráðsins með honum.

2) Almennir fundir

Stefnt er að því að halda fund um vinnuáætlun lækna á NLSH föstudaginn 8. október kl 12-13 í samvinnu við SYL og FSL. Undirrituð hafði samband við Lilju Stefánsdóttur hjá Hringbrautarverkefninu (er tekin við af Benedikt Olgeirssyni) með ósk um að hún kynni þennan þátt á fundinum og einnig er stefnt að því að fá vinnustaðasálfræðing til að kynna kosti og galla opinna/verkefnamiðaðra vinnurýma. Þann 12. Nóvember er hugsunin að halda fund um stöðu vísindanna innan LSH og fá Magnús Gottfreðsson til að halda erindi – hugmyndin núna er að fá Martin Inga Sigurðsson prófessor í svæfingalækningum til að vera fundarstjóra og einn fyrirlesara í viðbót (mögulega Sigurdísi Haraldsdóttur prófessor í krabbameinslækningum) til að tala um óska vinnuhverfi til vísindastarfa. Gunnar Bjarni mun fá fólk með sér í fræðslunefndina og halda utan um þau mál í samstarfi við aðra í stjórninni. Einnig þarf að fara að huga að jólafundinum. Gott væri ef einhver innan stjórnar tæki að sér að kanna forsendur fyrir því að senda valkröfu í heimabanka lækna spítalans til að safna fé fyrir gjöfum handa læknum sem eru að hætta störfum.

Steinunn Þórðardóttir